

Fundur 1.5.2023 Mikael Gorbachev.

Góða kvöldið, góða kvöldð, komið þið sælir.

*Gott kvöld.*

Fagnaðarefni að tala aftur við ykkur.

*Já vertu velkominn.*

Pakka ég fyrir, er hugur minn mjög hjá ykkur staddur, skilst mér að samskonar stjórnusambandsstöðvar og sú sem ég tala úr, séu á framlífs hnöttum ykkar þjóðar og framlífs hnöttum annarra þjóða og vona ég að svo verði að á Íslandi verði að áhugamáli þannig að svo stórar byggingar verði reistar sem á þessum hnetti.

Eru nú ekki margir mánuðir síðan ég kom á þennan hnött, en hefur áhugi minn að miklu leiti farið í það að skoða samtaka mátt þann sem myndast í þessum stjórnusambandsstöðvum og þá miklu möguleika til að láta gott af sér leiða með því að sækja slíka fundi.

Og ekki tel ég það tilviljun að ykkar þjóð skuli hafa verið valin til að koma saman leiðtogum vestrænna ríkja og ráða ráðum sínum um það hvernig best er að takast á við þann hernað sem þjóð mín hefur staðið fyrir og vona ég að friðsamleg lausn náist í þeirri deilu.

Og vil ég sérstaklega vona að sömu andlegu verndarvættirnir sem frið boða og skapa kærleika og samvinnu þjóða, verði nærstaddir þegar leiðtogarnir koma saman og ræða þessi mál.

Og er það nú svo að á þessum framlífs hnetti mínum er ég jafnvel ekki óumdeildur frekar en í heimalandi mínu og jafnvel þótt hér séu margir sama sinnis og ég um frið og samvinnu við vesturlönd, eru hér einnig mjög margir, sérstaklega af eldri kynslóðinni sem vilja veg Rússlands sem mestan og telja núverandi leiðtoga vera í fullum rétti.

En finn ég orkuna dvína og vil ég aðeins segja örfá orð áður en ég hætti, finn ég að ekki er unnt að halda lengi áfram, einhver truflandi áhrif.

Vil ég aðeins segja að ég vil senda kærleika og frið og hér eru fjölmargir að mér staddir sem vilja gera allt sitt til að stuðla að friði og koma vitinu fyrir núverandi leiðtoga okkar og forystu og draga sig til baka úr þessum hildarleik.

Já eins og ég kom inn á eru það ólík öfl á mínum hnetti, vil ég gjarnan segja frá því síðar, þorði ég ekki að fara út í þessi styrjaldarmál þegar ég talaði við ykkur fyrst, þar sem ég vissi að margir myndu reyna að hindra mig, en vil ég ykkur allt hið besta.

Pakka ég fyrir góðar móttökur og reyni ég að koma síðar, Mikael Gorbachev.

*Já pakka þér fyrir að koma.*

Já, vonum að vel fari og kveð ég ykkur að sinni og reyni að koma síðar, verið þið sælir.

*Vertu sæll.*